

manna stefndu, þeirra Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns og Ólafs Axelssonar, cand. jur., samtals að fjárhæð kr. 90.000, greiðast úr ríkissjóði.

Már Pétursson héraðsdómari, sem með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. október 1974, var skipaður setudómari í máli þessu, eftir að hinn reglulegi dómari, Stefán Már Stefánsson borgardómari, hafði með úrskurði, uppkveðnum 9. september 1974, vikið sæti í málinu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Sigurjóni Björnssyni prófessor og Þorgeiri Ibsen skólastjóra.

Dómsorð:

Stefnandi, Jón Sigurðsson, Álfhólsvegi 81, Kópavogi, skal hafa forræði sonarins, Sigurðar, sem fæddur er 29. september 1969.

Stefnda, Mínerva Karlotta Aðalsteinsdóttir, Írabakka 8, Reykjavík, skal hafa forræði dótturinnar, Helgu, fæddrar 27. desember 1971.

Málskostnaður fellur niður, en málsvarnarlaun talsmanna stefndu, þeirra Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns og Ólafs Axelssonar, cand. jur., samtals að fjárhæð kr. 90.000, greiðast úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 15. september 1976.

Nr. 166/1976. Ákærvaldið

gegn

Guðmundi Kristjánssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærnu 4. sept. 1976, sem barst Hæstarétti 6. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr.

74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

4. september 1976.

Ár 1976, laugardaginn 4. sept., var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að þann 6. ágúst sl. var Guðmundur Kristjánsson, fæddur 15. júní 1955, úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald vegna gruns um, að hann hefði þá um nokkurra mánaða skeið staðið að útvegum ýmissa kannabisefna. Gæsluvarðhald rennur út á morgun.

Jónas Ómar Snorrason, 19 ára, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna þessa sama máls frá 21. júlí sl., hefur borið að hafa á tímabilinu apríl—júlí fengið umtalsvert magn kannabisefna frá Guðmundi Kristjánssyni, nánar samtals um 400 grömm af hassi af ýmsum tegundum, masasharif, Líbanon, Kasmír, tyrkneskt hass og svart, um 900 grömm af marihuana, mest sn. alco pulko gold og 25 grömm af hassolíu.

Þá kvaðst Jónas hafa fengið 50 grömm hass og 12 grömm olíu frá Gunnari Gíslasyni, Möðrufelli 1, og að sögn Jónasar sagði Gunnar efnið komið frá Guðmundi, og kveðst Jónas samkvæmt því að hluta til hafa gert upp við Gunnar, en síðar ætlað að gera endanlega upp við Guðmund.

Rannsókn þessi er mjög umfangsmikil, og er marga að yfirheyra, m. a. hafa á fjórða tug unglinga viðurkennt bein fíkniefnaviðskipti við Jónas, og þannig reyndar staðfest hans framburð það atriði varðandi.

Að sögn Jónasar gætti Guðmundur Kristjánsson ætíð fyllstu varkárni í sínum viðskiptum og samkvæmt því hafi aldrei verið vitni þar að. Tveir aðiljar, sem voru með Jónasi í dreifingu, þeir

Svanur Jónsson og Finnbogi Þorláksson, hafa borið, að Jónas hafi sagt sér, að hann hafi fengið efni hjá Guðmundi og báðir í því sambandi viðurkennt að hafa keyrt Jónas að Kleppsvegi 72, þar sem Guðmundur býr, og beðið eftir honum, meðan hann náði í efni. Finnbogi hefur auk þess borið sjálfstætt fyrir dómi, að er Jónas var handtekinn 21. júlí sl., hafi verið um 200 grömm af marihuana falin í eldhúsi íbúðar þeirrar, sem Finnbogi hefur til umráða, og hafi efni þetta verið á Jónasar vegum. Jónas hefur sjálfstætt borið hið sama og að efnið hafi hann fengið skömmu áður hjá Guðmundi, og meira til. Þá skýrði Finnbogi frá því, að þetta sama kvöld hafi Guðmundur komið til sín í Mjóstræti til að fá fréttir af handtökum, og þar og þá kveðst Finnbogi hafa afhent Guðmundi afgang efnis, þar sem Guðmundur hafi sagt, að hann hefði áður látið Jónas fá þetta efni, enda kveðst Finnbogi hafa trúað Guðmundi og verið minnugur fyrri orða Jónasar.

Guðmundur, sem lenti með saknæmum hætti í fíkniefnamáli með Jónasi og fleirum í apríl sl., en það mál telst að fullu upplýst, hefur mjög oft verið yfirheyrður undanfarnar vikur, en framan af neitaði hann að svara spurningum varðandi grunsemdir dómara þess efnis, að hann væri grunaður um dreifingu kannabisefna, en nú síðustu daga hefur hann sagt þennan áburð rangan. Hins vegar hefur Guðmundur viðurkennt að hafa í sumar reykt hass og í því sambandi keypt gramm og gramm og gefið kunningjum með sér.

Í dómi nú fyrir stundu, sem og reyndar hjá lögreglu í fyrradag, viðurkenndi Guðmundur að hafa komið í Mjóstræti til Finnboga dag þann, sem Jónas var handtekinn, eða daginn eftir, og að hafa þá verið að svala forvitni sinni varðandi það, sem hann hafði heyrt, þ. e. að Jónas hefði verið handtekinn vegna fíkniefnamáls. Sagði Guðmundur Finnboga hafa sagt sér, að þeir Jónas hefðu verið færðir til yfirheyrslu, en Finnboga sleppt að henni lokinni. Jafnframt hafi Finnbogi sýnt sér marihuana í plastpoka, sem falið var í eldhúsi og tilheyrði Jónasi. Kvaðst Guðmundur hafa ráðlagt Finnboga að losa sig við efnið og samkvæmt beiðni hans aðstoðað við það að taka efnið og henda því í öskutunnu skammt frá, er hann hélt úr húsinu.

Guðmundur, sem að eigin sögn hefur mikið unnið frá 15 ára aldri, stundaði iðnskólanám í vetur, en frá því skóla lauk 7. maí vann hann í einn mánuð, en hélt þá í 12 daga skemmtiferð til Kaupmannahafnar samkvæmt eigin sögn og dvaldi um tíma í Christianíuhverfi.

Sérstaklega aðspurður um helstu kunningja í sumar segir Guðmundur það helst hafa verið Gunnar Gíslason.

Gunnars þessa Gíslasonar hefur verið leitað vegna málsins frá því í lok júlí og m. a. auglýst eftir honum í útvarpi. Hann gaf sig fram í gær og var í morgun úrskurðaður í allt að 20 daga gæsluvarðhald. Hann viðurkenndi hassreykingar í sumar, en neitaði áburði um dreifingu sem röngum. Staðfest er, að Gunnar leysti út ferðamannagjaldeyri fyrir kr. 37.000 þann 19. maí 1976 og fyrir kr. 20.000 þann 25. júní 1976.

Umfang þessarar rannsóknar er mjög mikið, og samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst hvergi nærri lokið rannsókn á meintri útvegum Guðmundar Kristjánssonar á kannabisefnum. Ekki hefur tekist að kanna til hlítar veigamikla þætti, svo sem staðfesta tilgang og árangur Kaupmannahafnarferðar og sýna fram á raunverulega fjármunahreyfingu Guðmundar, eftir að skóla lauk, og stöðu fjármála hans á hverjum tíma síðan þá.

Guðmundur hefur ekki gengist við ætlaðri hlutdeild í samræmi við það, sem aðrir hafa borið sjálfstætt, og enn þykir veruleg hætta á, að hann torveldi og tefji rannsókn, ef hann er frjálss ferða sinna, og þykir því óhjákvæmilegt í þágu rannsóknar máls að framlengja um sinn gæsluvarðhaldsvist Guðmundar, sbr. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár ekki því til fyrirstöðu, að gæsluvarðhaldi sé beitt, þar sem brot það, sem kærði er grunaður um, gæti varðað fangelsi, ef sannaðist.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Kristjánsson, fæddur 15. júní 1955, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.
